

Reglugerð um gjaldabreytingar á grundvelli laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

1. gr.

Þegar yfirskattanefnd hefur lokið úrskurði máls skal hún senda málsaðila, umboðsmanni hans og viðkomandi stjórnvaldi eintak úrskurðar. Leiði niðurstaða úrskurðar til þess að gera þurfi gjaldabreytingar í innheimtakerfum hins opinbera skal það stjórnvald sem tók hina kærðu ákvörðun framkvæma breytingarnar. Breytingin skal að jafnaði gerð innan tíu virkra daga frá því að úrskurður barst stjórnvaldi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal yfirskattanefnd framkvæma gjaldabreytingar þegar um er að ræða:

- a. Tekjuskatt og önnur gjöld til ríkissjóðs sem ríkisskattstjóri leggur á einstaklinga eða lögaðila samhliða tekjuskatti.
- b. Útsvar.
- c. Virðisaukaskatt vegna viðskipta innanlands.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. og 20. gr. laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, og öðlast gildi 1. janúar 2015.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 17. desember 2014.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Guðrún Þorleifsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.